Samþykkir EFTA framlengingu aðlögunargjalds?

„HEF HREYFT ÞVÍ ÓFORMLEGA EN VERIÐ MJÖG ILLA TEKIÐ"

– segir Tómas Árnason viðskiptaráðherra

„Ég hef hreyft þessu máli óformlega við EFTA og því hefur verið mjög illa tekið, enda liggur fyrir loforð Íslendinga þess efnis, að gjaldið verði fellt niður nú um áramótin", sagði Tómas Árnason, viðskiptaráðherra, þegar blaðamaður Vísis innti hann eftir því hvort leitað yrði hófana hjá EFTA um framlengingu á 3% aðlögunargjaldi á innfluttar iðnaðarvörur, sem sett var á í fyrra.

„Þetta gjald var lagt á til þess að iðnaðurinn fengi aðlögunartíma að breyttum samkeppnisaðstæðum, og það fé, sem fékkst með álagningunni, hefur meðal annars verið notað til iðnþróunar", sagði Tómas og bætti því við, að hann áliti Íslendinga ganga á bak orða sinna við EFTA ef aðlögunargjaldinu yrði fram haldið.

„Við höfum alltaf haldið því fram, að þetta gjald hafi verið lagt á til þess að gefa stjórnvöldum tíma til þess að laga þá mismunun milli innlends iðnaðar og innflutnings, sem felst í launaskatti, aðstöðugjöldum og fleiru, en það hefur ekkert verið lagað á þessum tíma", sagði Valur Valsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra iðnrekenda, þegar blaðamaður bar þessi mál undir hann.

„Staðreyndin er sú, að það er ekki búið að aðlaga stjórnvöld að friversluninni, en það var markmiðið með þessu aðlögunargjaldi", sagði Valur.

Hann sagði ennfremur að við niðurfellingu gjaldsins myndi staða iðnaðarins versna um 3% á einu bretti, en hún væri nógu slæm fyrir.

„Það er ekki nema um tvennt að ræða ef ekki á illa að fara, — annaðhvort verða rekstrarskilyrðin bætt eða gjaldinu haldið áfram", sagði Valur.

Þess, má geta að á fjárlögum fyrir næsta ár, er gert ráð fyrir tekjum af aðlögunargjaldinu sem nema 2.7 milljörðum króna, en á fundi með blaðamönnum nýlega lýsti Ragnar Arnalds, fjármálaráðherra, yfir því, að ef þessar tekjur dyttu út yrði séð fyrir öðrum í staðinn,. Fjármálaráðherra sagði hins vegar ekki með hvaða hætti það yrði gert. —P.M.



Stjórn Hins íslenska Bókmenntafélags, frá vinstri: Kristján Karlsson, Reynir Axelsson, Sigurður Líndal forseti, Garðar Gíslason og Ólafur Pálmason. Á myndina vantar Svein Skorra Höskuldsson og Óskar Halldórsson. Vísismynd B.G.

Hið íslenska Bókmenntafélag:

Loksins komið í eigið húsnæði

„Hið íslenska bókmenntfélag hefur verið í samfelldu húsnæðishraki í þau 164 ár sem liðin eru frá stofnun félagsins og þar til nú" sagði Sigurður Líndal forseti félagsins á fundi með blaðamönnum, en fundurinn var haldinn í tilefni þess að félagið hefur nú loksins flutt í eigið húsnæði.

Reykjavíkurdeild Bókmenntafélagsins hafði frá stofnun félagsins 1816 geymslu undir bækur sínar og önnur gögn á lofti dómkirkjunnar í Reykjavík. Hélst það eftir að kirkjunni var breytt 1847 og síðan allar götur til ársins 1963 eða í 147 ár samfellt. Eftir það fékk félagið geymslur í kjallara Háskólabíós og hefur raunar enn — og kjallara húss Brunabótafélags Íslands að Laugavegi 103. Um 1970 fékk félagið svo geymslur í húsnæði Áfengis og Tóbaksverslunar ríkisins að Stuðlahálsi 2, en 1979 tók félagið á leigu húsnæði að Lindargötu 9 sem einnig er í eigu ÁTVR.

Þannig er óhætt að segja að Bókmenntafélagið hafi verið í sífelldu húsnæðishraki bæði með geymslustaði og afgreiðsluhúsnæði. Því var það í maímánuði að félagið flutti í Þingholtsstræti 3 en hafði þá skömmu áður fest kaup á mestöllu húsinu.

Nú er verið að taka þetta húsnæði í notkun, en húsrými það sem Bókmenntafélagið keypti í Þingholtsstræti 3 er um 240 fermetrar á tveimur hæðum. Húsnæðisvandræði hafa verið félaginu til mikils trafala undanfarin ár og dregið stórlega úr allri starfsemi þess. Ef sæmilega tekst til um þessi húsakaup sér félagið fram á betri tíma með öflugri og myndarlegri starfsemi en verið hefur nú um skeið. gk—.

Dagur frímerkisins:

Frímerkjasýning á Kjarvalsstöðum

„Dagur frímerkisins" verður haldinn hátíðlegur 10. nóvember, en í ár eru 20 ár síðan fyrst var farið að halda „Dag frímerkisins" hérlendis.

Félag frímerkjasafnara hefur lengstum haft veg og vanda af þessum degi hérlendis. Verulegur áhugi var á „Degi frímerkisins" fyrsta áratuginn eða svo en því miður hefur áhuginn dofnað síðustu árin.

Núverandi stjórn Félags frímerkjasafnara ákvað því að reyna að endurvekja áhuga safnara og alls almennings á „Degi Frímerkisins". Í því skyni hefur verið ákveðið að halda frímerkjasýningu í sambandi við daginn að þessu sinni og verður þar um kynningarsýningu að ræða.

Sýningin verður haldin dagana 6.-10. nóvember að Kjarvalsstöðum og verður nefnd „FRÍM 80."

Jafnhliða sýningunni er ætlunin að fá sérfróða menn til að halda stutt erindi um ýmsa þætti frímerkjasöfnunar. Þá verða sýndar kvikmyndir.

Sú nýbreytni verður tekin upp í sambandi við sýninguna að þeim sem eiga frímerki og frímerkjasöfn verður gefinn kostur á að fá upplýsingar um verðgildi þeirra. Hefur verið leitað til nokkurra manna í því sambandi og verða þeir til viðtals á sýningunni kl.17-19 dagana 7.-10. nóvember.





